

## FUNDARGERÐ

361. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 10. febrúar 2026 kl. 13:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi og Aðalsteinn Þórhallsson (AP).

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir (#1-#3)

Fjóla Sigurðardóttir (#1)

Þorsteinn B. Ragnarsson (#2)

Ívar Karl stýrði fundinum.

---

### Dagskrá:

- 1 Rekstrartölur 2025 úr bókhaldi
- 2 Melshorn – Verkstaða og tilboð í uppsetningu vélbúnaðar og smíði lagna
- 3 Framkvæmdir ársins 2026
- 4 Staða hitaveitu í Úlfsstaðaskógi
- 5 Erindi frá eigendum í Eyjólfsstaðaskógi 2
- 6 Hitaveita á Eiðum
- 7 Gagnaveita
- 8 Stöðumat á lögnum fyrir hita- og vatnsveitu
- 9 Lagerkerfi
- 10 Lyklakerfi með aðgangsstýringu
- 11 Netöryggi - Aftra
- 12 Fundur stjórnar Samorku
- 13 Önnur mál
  - a. Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
  - b. Staða viðræðna við landeigendur í Eiðapinghá
  - c. Næsti fundur

---

### 1 Rekstrartölur 2025 úr bókhaldi

Farið yfir fyrstu tölur ársins 2025 og Fjóla skýrði fyrir stjórn það sem spurningar voru um.

### 2 Melshorn – Verkstaða og tilboð í uppsetningu vélbúnaðar og smíði lagna

Verkstaða: Vinna er hafin við flesta verkþætti innanhúss, unnið er að uppsetningu loftræstingar, fráveitulagna og raflagna.

Utanhúss er vinna við festingar á klæðningu nánast lokið og verður farið í uppsetningu á einangrun í framhaldinu. Gluggar eru komnir til landsins og verður byrjað á ísetningu um leið og þeir berast á byggingarstað.

Allt kapp er lagt á að klára innivinnu fyrir tilsettan tíma.

Austurverk hefur unnið við jarðvinnu fyrir lögnum að og frá stöðinni, grafið hefur verið fyrir framlengingu á útrásinni inn að þró og búið er að setja niður móttökubrunninn fyrir utan. Unnið verður við lagningu yfirfallslagnar út í Eyvindará á næstunni.

Þrepasíurnar ættu að koma á staðinn í vikunni.

Reiknað er með að deilitankurinn fari frá verksmiðju í Svíþjóð 6. mars

Tilboð í uppsetningu vélbúnaðar og smíði lagna voru opnuð 4. febrúar. Tvö tilboð bárust. Stjórn samþykkir að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

### **3 Framkvæmdir ársins 2026**

Farið yfir fjárfestingaáætlun 2026 og fyrirséðar breytingar reifaðar. Framkvæmdastjóra falið að vinna uppfærslu áætlunar og leggja fyrir á fundi stjórnar í mars n.k.

### **4 Staða hitaveitu í Úlfsstaðaskógi**

*Síðast tekið fyrir á fundi #360.*

Dæla fyrir efri hluta svæðisins hefur verið gangsett. Reiknað er með að vandi svæðisins hafi verið leystur.

Til upplýsingar.

### **5 Erindi frá eigendum í Eyjólfsstaðaskógi 2**

*Síðast rætt á fundi #360.*

Fulltrúar HEF funduðu með fulltrúum eiganda bústaðarins 16. janúar. Matsmaður hefur skoðað húsið. Matsgerð barst í gær, 9. febrúar. Málið í vinnslu með tryggingafélögum og fleiri aðilum.

*Ívar Karl og Ágústa yfirgáfu fundinn, Vilhjálmur tók við stjórn fundarins.*

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka málinu samkvæmt umræðu á fundinum.

*Ívar Karl og Ágústa komu inn á fundinn, Ívar Karl tók við stjórn fundarins.*

### **6 Hitaveita á Eiðum**

*Síðast rætt á fundi #360.*

Skv. upplýsingum frá Orkusjóði eru nokkur hús á Eiðum styrkhæf til að taka við hitaveitu. Reiknað er með að fjárhæðir muni liggja fyrir á allra næstu vikum.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

### **7 Gagnaveita**

Greiningarvinna verði unnin á rekstri Gagnaveitu HEF. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið sem fyrst.

### **8 Stöðumat á lögnum fyrir hita- og vatnsveitu**

*Síðast yfirfarið á fundi #360.*

Framkvæmdastjóri leggur til að hermilíkönnun verði gerð af lagnakerfum félagsins til að fá fullnægjandi upplýsingar um álag og afkastagetu kerfanna. Starfsmenn hafa fundað og fengið tilboð í hugbúnað til að gera rennslis- og flæðilíkönnun fyrir hita- neysluvatns- og fráveitukerfi. Góð reynsla er komin á

hugbúnaðinn hjá Veitum. HS veitur hafa nýlega fest kaup á hugbúnaðinum. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi um ofangreindan hugbúnað.

## 9 Lagerkerfi

Tilboð liggur fyrir í hugbúnað vöruhúsakerfis. Starfsmenn HEF hafa fengið kynningu á kerfinu og talað við fulltrúa fyrirtækja sem eru að nota kerfið. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi um ofangreindan hugbúnað.

## 10 Lyklakerfi með aðgangsstýringu

*Síðast yfirfarið á fundi #356.*

Uppfært tilboð liggur fyrir í lyklakerfi með aðgangsstýringu. Kerfið er þegar í notkun hjá allmörgum veitum á Íslandi og hefur reynst vel. Kerfið þarf ekki rafmagn eða netsamband, nema á einum stað og kerfið skráir umferð um læsingar. Kostur er að ekki þarf að breyta læsingum í hurðum, heldur einungis skipta um sylindra. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi um ofangreindan búnað.

## 11 Netöryggi - Aftra

HEF hefur tekið upp þjónustu Aftra til að styrkja netöryggi félagsins. Aftra er íslensk hugbúnaðarlausn sem kortleggur ytri árásarflöt fyrirtækisins, þar á meðal rafrænt fótspor starfsmanna, og greinir veikleika í netöryggi. Lausnin byggir á aðferðum hakkara og framkvæmir sjálfvirka skönnun á árásarflötum, m.a. veikleikum, áhættulénunum og mögulegum lykilorðaleikum. Niðurstöður eru settar fram á aðgengilegan hátt til að styðja forgangsröðun úrbóta og bæta yfirsýn stjórnenda. Til upplýsingar.

## 12 Fundur stjórnar Samorku

Framkvæmdastjóri HEF fór með stjórn Samorku til funda í Brüssel í síðustu viku. Markmið ferðarinnar var að heimsækja Evrópuþingið, Sendiráð Íslands í Brüssel og höfuðstöðvar NATO þar í borg. Einnig var áætlað að funda með fulltrúum Green Power Danmark í Kaupmannahöfn, en ekki kom til þess vegna atviks sem varð þegar flugmenn flugvélarinnar sem hópurinn ætlaði að ferðast með til Kaupmannahafnar nauðhemluðu í flugtaki þegar ljóst varð að vélin var á akstursbraut, en ekki flugbraut. Þar munaði litlu að illa hefði farið, en engin slys urðu á fólki.

Heimsóknirnar í Brüssel voru mjög árangursríkar og mikilvægar til að fá innsýn og kynningu á ráðstöfunum Evrópuríkja og NATO í orku- og veitumálum vegna breyttrar heimsmyndar. Þá var tækifærið nýtt til að koma áherslum Samorku, um stöðu aðildarfyrirtækjanna þegar horft er til áfallapóls og ómissandi innviða, á framfæri við íslensk stjórnvöld.

Til upplýsingar.

## 13 Önnur mál

### a. Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Málflutningur verður í Hæstarétti 11. mars n.k.

### b. Staða viðræðna við landeigendur í Eiðapinghá

Viðræður standa yfir, línur eru nokkuð að skýrast. Stefnt að næsta fundi með landeigendum á næstu dögum.

**c. Næsti fundur**

Stefnt er á næsta fund stjórnar 3. mars til kynningar á ársreikningi félagsins.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:05

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir.